

Mánudaginn 28. október 1963.

Nr. 95/1963. **Ákærvaldið**

(Saksóknari ríkisins Valdimar Stefánsson)

gegn

Birni Gústafssyni og

Kristjáni Gústafssyni

(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason og
Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og
Theodór B. Líndal.

Fiskveiðibrot o. fl.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómsmönnum Einar Guðmundsson skipstjóra og Páli Þorbjörnsyni skipstjóra.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóupprátt eftirtalda staði v/b Sævalds, SU 2, hinn 11. febrúar 1963, og reyndust þeir vera fyrir innan fjögurra sjómílna fiskveiðimörkin, svo sem nú verður sagt, þá er tillit er tekið ákærða í vil til þeirrar hugsanlegu fjarlægðarskekkju, er framleiðendur ratsjártækisins í Þór telja, að geti komið fram við mælingar með því, þá er það er í lagi:

Kl. 23.17 um 1,4 sm
— 23.31 — 1,6 —
— 23.47 — 1,2 —
— 23.57 — 0,9 —

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er ákærði Kristján Gústafsson eigandi v/b Sævalds, SU 2, ásamt Alfreð Gústafssyni. Hafa þeir átt vélbátinn frá því 12. janúar 1959. Alfreð kveðst eigi hafa haft afskipti af útgerð bátsins frá því vorið 1962. Samkvæmt skýrslu sýslumannsins í Suður-Múlasýslu var afskráð af vélbátinn

um 7. september 1962 og var eigi skráð á hann frá þeim tíma til 11. febrúar 1963, er hann var staðinn að veiðum. Kristján Gústafsson hafði, frá því afskiptum Alfreðs lauk, haft umráð v/b Sævalds, SU 2. Hann hafði áður haft skipstjórn á vélbátnum og hafði einn skipsstjóraréttindi þeirra manna, er á bátnum voru í fiskiförinni 11. febrúar 1963. Hann getur því eigi skotið sér undan skipstjóra-ábyrgð á lögbrotum þeim, sem framin voru með og í fiskiróðrinum og rakin eru í töluliðum I—III í ákæruskjalinu.

Ákærði Björn Gústafsson hafði stýrimannsréttindi, þá er brot þau voru drýgð, sem ákært er fyrir. Að sjálfs hans sögn og vætti annarra manna á v/b Sævaldi, SU 2, hafði ákærði Björn á hendi stjórn vélbáts þessa í fiskiróðrinum 11. febrúar 1963. Hann hefur því, þrátt fyrir það að hann var eigi lögskráður á bátinn, tekið á sig ábyrgð á brotum á lögum þeim, sem talin eru í III. tölulið ákæruskjals, og þar sem hann var eigi lögskráður skipverji á bátnum, hefur hann unnið til refsingar samkvæmt 4. gr. laga nr. 5/1920.

Með skírskotun til þess, sem nú var rakið, forsendna héraðsdóms og svo þess, að gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því héraðsdómur gekk, ber að staðfesta ákvæði héraðsdómsins um refsingu ákærðu, réttindasviptingu þeirra og eignaupptöku, en dæma ber ákærða Björn Gústafsson auk þess í kr. 15.000.00 sekt til Landhelgisjóðs Íslands, er afplánist með varðhaldi í 4 vikur, ef hún greiðist eigi innan greiðslufrests, en hann ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa, að því er varðar fésekt hvors hinna ákærðu.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 7000.00, og laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari veitti viðtöku utan dóms varnarskjali fyrir ákærðu.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærðu, Björns Gústafssonar og Kristjáns Gústafssonar, rétt-

indasviptingu þeirra og eignaupptöku eiga að vera óröskuð.

Greiðslufrestur sektar hvors hinna ákærðu ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Björn Gústafsson sæti þar að auki kr. 15.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, sem afplánist með varðhaldi í 4 vikur, ef hún greiðist eigi innan greiðslufrests.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málssóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7000.00, og laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmans, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 22. maí 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 3. maí s.l., er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn sjómönnum Birni Gústafssyni, Ásbyrgi á Djúpavogi, og Kristjáni Gústafssyni, Höfða, Hornafirði, með ákæruskjali, útgefnu af saksóknara ríkisins 18. febrúar og 26. febrúar s.l., fyrir eftirfarandi:

- I. Fyrir að hafa gerzt sekir um fiskveiðibrot, með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 12. febrúar 1963 nokkru fyrir miðnætti verið að botnvörpuveiðum úti af Kötlutanga á togbátnum m.b. Sævaldi, SU 2, innan 4 mílna markalínu samkvæmt 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 87 1958, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 87 1958, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 3 1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 1. gr. laga nr. 44 1948. Telst þetta varða við 1. mgr. 1. gr. sbr. 3. gr., 4. gr. og 5. gr. laga um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga 82/1952 og nr. 6/1959 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingar á þeim lögum, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum.
- II. Fyrir að hafa lagt togveiðibátnum m/b Sævaldi, SU 2, úr höfn frá Vestmannaeyjum að kveldi sunnudagsins 10. febrúar 1963 í veiðiferð, án þess að sjá um, að þeir eða nokkrir skipsmanna væru lögskráðir í skipsrúm.

Telst þetta varða við 1. mgr. 2. gr. 1. tölulið 4. gr., 6. gr. sbr. 15. gr. og 25. gr. laga um lögskráningu sjómanna nr. 63/1961.

III. Fyrir að hafa lagt togbátnum m.b. Sævaldi, SU 2, úr höfn í fyrrgreindri veiðiferð, án þess að til væri gilt haffæris-skírteini fyrir bátnum, án þess að nokkur önnur lögboðin skipsskjöl væru um borð, svo sem Þjóðernis- og skrásetningarskírteini, skipshafnarskrá og eftirlitsbók, svo og án nothæfrar radiótóstöðvar, þar sem hún hafði verið inn-sigluð vegna skulda.

Telst þetta brot varða við F- og G-liði 31. gr. sbr. 58. gr. og 60. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 50/1959, sbr. 32. gr., 254. gr. og 1. mgr. 255. gr. siglingarlaga nr. 56/1914, sbr. lög nr. 40/1930.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess krafizt, að ákærðu verði sviptir réttindum, ákærði Björn stýrimannsréttindum, ákærði Kristján vélstjóra-, stýrimanns- og skipstjóraréttindum samkvæmt 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961 og fyrrgreinda 60. gr. laga nr. 50/1959. Loks er þess krafizt, að ákærðu verði dæmdir til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togbáts að meðtöldum dragstrengjum.

Ákærði Björn Gústafsson er fæddur á Djúpavogi 11. apríl 1926 og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærði Kristján Gústafsson er fæddur á Djúpavogi 12. maí 1921 og hefur sætt eftirfarandi kærur og refsingum, báðum í Vestmannaeyjum:

1963 1/2 Dómur: 20.000 kr. sekt fyrir brot á 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920. Afli og veiðarfæri m.b. Sævaldar, SU 2, gerð upptæk.

1963 2/2 Dómur: 2 mánaða varðhald og 20.000 kr. sekt fyrir brot á 1. gr. sbr. 3. gr. og 5. gr. laga nr. 5/1920. Afli og veiðarfæri mb. Sævaldar, SU 2, gerð upptæk.

I.

Mánudaginn 11. febrúar 1963 var varðskipið Þór á vesturleið út af Mýrdalssandi. Mældist þá bátur, er virtist vera á togveiðum innan fiskveiðimarkanna út af Kötlutanga. Í skýrslu skipherrans, dags. 12. febrúar sl., er atvikum lýst á þessa leið: „Kl. 23.17 mældist Drangurinn við Hjörleifshöfða r.v. 329°

fjarl. 4,3 sml., báturinn r.v. 270,5° fjarl. 4,9 sml., og gefur það stað bátsins um 1,5 sml. innan 4 sjómílna fiskveiðitakmarkanna á þessum stað.

Kl. 2331 mældist Drangurinn r.v. 004° fjarl. 3,75 sml., báturinn r.v. 275,5° fjarl. 2,2 sml., sem gefur stað bátsins um 1,7 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 2346 sást, að báturinn togaði með stb.vörpu í sjó. Kl. 2347 mældist Drangurinn r.v. 036° fjarl. 4.8 sml. í kjölfari bátsins.

Kl. 2348 sást, að báturinn var m.b. Sævaldur, SU 2, og var þá gefið stöðvunarmerki þrisvar sinnum með flautu skipsins, en báturinn stöðvaði ekki.

Kl. 2354 var kallað yfir til Sævalds og honum skipað að stoppa. Hann stoppaði kl. 2355 og fór að hífa inn vörpuna.

Kl. 2357 var mælt við bátinn. Drangurinn r.v. 034° fjarl. 5,1 sml. Gefur það stað bátsins um 1,0 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 0002 12. febrúar fór 2. stýrimaður yfir í Sævald. Var skipstjóra bátsins, Birni Gústafssyni, fæddum 11. apríl 1926, til heimilis á Djúpavogi, gerð grein fyrir broti sínu og honum sagt að halda til Vestmannaeyja. Gerði hann það.

Afli bátsins var ca. 1 tonn.

Athuganir gerðar af 1. og 2. stýrimanni undir yfirstjórn skipherra með Sperry ratsjá og Sperry áttavita.

Vindur var breytilegur 3 vindstig, dálítill sjór, skýjað.“

Skipherra varðskipsins mætti fyrir réttinum og kvað skýrslu þessa rétta í öllum greinum. Fyrsti, annar og þriðji stýrimaður varðskipsins mættu einnig fyrir réttinum. Kvaðu þeir skýrsluna rétta um allt það, er þeir gætu borið um. Fyrsti og annar stýrimaður unnu við að taka staðarákvarðanir undir umsjón skipherra og þriðji stýrimaður ritaði þær niður og vann við útsetningu á kort. Hann kvaðst hafa séð, að Sævaldur var að togveiðum, sá hann fyrst vírana og síðan sá hann vörpuna koma upp. Allir stýrimennirnir unnu eið að framburði sínum.

Ákærði Björn Gústafsson kvaðst ekki véfengja staðarákvarðanir varðskipsins og viðurkenndi, að báturinn hafi verið á togveiðum, er varðskipið bar að. Hins vegar kvaðst hann ekki hafa gert sér grein fyrir, að þeir væru innan markanna.

Ákærði Kristján Gústafsson viðurkenndi, að m.b. Sævaldur hefði verið að togveiðum, er varðskipið kom. Aftur á móti kvaðst hann véfengja staðarákvarðanir varðskipsmanna. Kvaðst hann hafa legið fyrir, en farið upp, þegar verið var að taka

inn vörpuna. Kvaðst hann þá hafa miðað vitann á Dyrhólaey og hafi hann miðazt NV 1/2 N misvísandi, en dýpi hafi verið 46 faðmar. Fleiri miðanir tók hann ekki. Myrkur var yfir og ekki unnt að miða við nein kennileiti á landi. Ratsjá höfðu þeir ekki. Taldi ákærði Kristján, að sínar athuganir hefðu leitt í ljós, að Sævaldur hefði verið allmiklu dýpra en staðarákvarðanir varðskipsins sýni.

Ekki verður talið, að andmæli ákærða Kristjáns hnekki að neinu leyti staðarákvörðunum varðskipsmanna. Þeir höfðu fullkomnari tæki og betri skilyrði til að ákveða stað bátsins með öruggri vissu. Þykir bera að leggja framburð skipherra og eðfesta framburði stýrimanna að öllu leyti til grundvallar, bæði um staðarákvarðanir og annað. Leiðir það til þess, að telja verður sannað, að Sævaldur hafi verið að ólöglegum togveiðum í umrætt sinn.

Eins og fram kemur í skýrslu skipherra varðskipsins, taldi hann að ákærði Björn Gústafsson hefði verið skipstjóri á bátnum. Var þetta byggt á upplýsingum hinna ákærðu. Hinu sama héldu báðir hinir ákærðu fram, er þeir mættu fyrir réttinum. Ákærði Kristján var skipstjórinn, áður en þessi róður hófst, og hafði hlotið refsidóma fyrir fiskveiðibrot í báðum næstu róðrum á undan. Er þessi róður hófst, segja hinir ákærðu, að það hafi orðið að samkomulagi milli þeirra, að ákærði Björn færi með skipstjórnina. Kvaðst Björn hafa farið með stjórn skipsins að öllu leyti; hann var við stýrið, réð hvar kasta skyldi og hvar skyldi togað, og stjórnaði mannskap á skipinu. Framburður ákærða Kristjáns var þessu samhljóða. Kvaðst hann ekkert hafa fylgzt með togveiðunum í þessari veiðiferð og hefði ákærði Björn haft allan veg og vanda af þeim. Sjálfur kvaðst hann hafa verið lasinn og svo að segja allan síðasta daginn, þann dag er varðskipið kom, hefði hann legið fyrir og aðeins komið upp, meðan verið var að taka inn vörpuna.

Allir aðrir skipverjar gáfu skýrslu fyrir réttinum og staðfestu þær með eiði eða drengskaparheiti. Var framburður þeirra mjög á sömu lund og framburður hinna ákærðu. Allir kváðu þeir ákærða Björn hafa farið með stjórn skipsins, en ákærði Kristján hefði unnið á þilfari. Enginn þeirra kvaðst hafa orðið þess var, að Kristján hefði verið lasinn, en einn þeirra taldi þó, að hann hefði ekkert sofið í veiðiferðinni og annar kvað hann stundum hafa verið í koju.

Eins og síðar verður nánar vikið að, var enginn skipverja

lögskráður á bátinn. Umskráning fór því ekki fram, áður en róður þessi hófst. Áður hafði ákærði Kristján farið með skipstjórn bátsins, en ákærði Björn verið stýrimaður. Báðir höfðu þeir réttindi til þeirra starfa, ákærði Kristján hafði skipstjóraskírteini hið meira á fiskiskipi, en ákærði Björn 120 rúmlesta stýrimannsskírteini. Er varðskipið kom með bátinn til Vestmannaeyja í umrætt sinn, var af hálfu þess opinbera lagt bann við, að báturinn léti úr höfn fyrr en lögskráning hefði farið fram. Lögskráning fór fram 21. febrúar og var ákærði Kristján skipstjórinn, en ákærði Björn stýrimaður.

Þegar litið er til þeirra upplýsinga, sem nú hefur verið greint frá, undanfarandi og eftirfarandi skipstjórnar ákærða Kristjáns, veru hans á skipinu í umræddum róðri og vanhæfi ákærða Björns til þess að gegna skipstjórn, þá verður ekki talið, að ákærði Kristján hafi getað leyst sig frá ábyrgð skipstjóra með því einu að fela ákærða Birni stjórn skipsins. Verður því litið svo á, að ákærði Kristján hafi verið hinn raunverulegi skipstjóri, þrátt fyrir samkomulag hinna ákærðu innbyrðis. Jafnframt hafi ákærði Björn verið stýrimaður, eins og áður. Ábyrgð á fiskveiðibrotinu hvílir því á herðum ákærða Kristjáns og honum einum, þar sem ákærði Björn er sem stýrimaður undanþeginn ábyrgð samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 5/1920. Ákærði Björn verður því sýknaður af þessum lið ákærunnar.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið tekið fram, hefur ákærði Kristján gerzt brotlegur við þau ákvæði, sem greinir í I. lið ákæruskjalsins, að undanskilinni 4. gr. laga nr. 5/1920. Hins vegar þykir ekki heimilt samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum að líta svo á, að brot hans hafi verið framið af ásettu ráði. Verður honum því ekki dæmd refsivist samkvæmt 5. grein sömu laga.

II.

Við réttarrannsóknina út af fiskveiðibrotinu, sem nú hefur verið lýst, kom í ljós, að engin skipsskjöl voru um borð, hvorki þjóðernisskírteini, eftirlitsbók, haffærisskírteini, dagbók né skipshafnarskrá. Jafnframt viðurkenndi ákærði Kristján, að engin lögskráning hefði farið fram á þessu ári og skipið hefði ekki gilt haffærisskírteini. Sagði hann, að síðast hefði báturinn fengið haffærisskírteini vorið 1961, sem gildi til ársloka 1962. Engir þeirra, sem á bátnum voru, höfðu verið lögskráðir, en þó höfðu sumir þeirra komið í skipsrúm um haustið. Upplýst er, að bát-

urinn var tekinn í slipp í Vestmannaeyjum í maí 1962 og voru þá framkvæmdar ýmsar viðgerðir og endurbætur. 29. júní 1962 fór fram skoðun á bátnum á Hornafirði og var þá búnaður í lagi og ekki er annað kunnugt en sama hafi verið að segja um vél og bol skipsins. Eftir það var báturinn gerður út á botnvörpuveiðar. Voru þær veiðar stundaðar um sumarið og fram á haust. Fyrir jólin var báturinn gerður út á upsaveiðar í Faxaflóa, en ekkert fiskaðist, og ákvað því ákærði Kristján að fara af nýju á botnvörpuveiðar. Aldrei var lögskráð á bátinn á þessu tímabili. Upp úr áramótunum sigldi ákærði bátnum austur á Hornafjörð. Þar tóku þeir troll um borð og héldu á botnvörpuveiðar að kvöldi þess 14. janúar. Fóru þeir vestur á bóginn og toguðu á Breiðamerkurdýpi, síðan vestur á Vík og loks út af Alviðruhömrum, þar festu þeir trollið, rifu það og misstu annan hlerann. Var þá haldið til Vestmannaeyja til þess að fá gert við trollið. Komu þeir til Eyja 16. janúar. Trollið reyndist ónýtt og fengu þeir annað. Í Vestmannaeyjum voru þeir um kyrrt í 4 eða 5 daga og fóru þá á veiðar. Héldu þeir austur að Ingólfshöfða og voru þar að veiðum einn dag. Gerði þá vont veður og var þá aftur farið til Vestmannaeyja og legið þar um kyrrt vegna brælu í nokkra daga. Síðan var aftur farið á veiðar og hélt ákærði nú austur að Tvískerjum. Þar var hann tekinn af varðskipinu Óðni við botnvörpuveiðar innan leyfðra fiskveiðimarkna þann 30. janúar. Var farið með ákærða til Vestmannaeyja og hlaut hann þar dóm hinn 1. febrúar fyrir brot sitt. Eftir uppkvaðningu dómsins fór hann aftur á veiðar, og daginn eftir, 2. febrúar, kom varðskipið Óðinn að honum við ólöglegar botnvörpuveiðar út af Ingólfshöfða. Enn var báturinn fluttur til Vestmannaeyja og 6. febrúar hlaut ákærði refsidóm fyrir brot sitt. Hafði ákærði þar með verið dæmdur tvisvar með 5 daga millibili fyrir brot á fiskveiðalöggjöfinni. Meðan rannsókn síðara brotsins stóð yfir eða þann 4. febrúar, innsiglaði Landsíminn talstöðvartæki bátsins vegna skuldar. Ákærði taldi skuldina ekki rétta og reyndi að fá lokuninni létt af, en það tókst ekki. lét hann svo úr höfn með innsiglaða talstöð þann 10. febrúar. Daginn eftir var hann tekinn af varðskipinu Þór við ólöglegar botnvörpuveiðar út af Kötlutanga, eins og áður er rakið.

Að tilhlutan réttarins framkvæmdu skipaeftirlitsmenn þann 13. febrúar skoðun á bátnum, bol, vél og búnaði. Sú varð niðurstaða þeirra, að ekki væri ástæða til að gera kröfu til endurbóta á bol skipsins, en úr ýmsu þyrfti að bæta í vélarrúmi.

Var það gert næstu daga, þannig að 16. febrúar taldi vélaeftirlitsmaðurinn, að vélar og búnaður í vélarrúmi væri í góðu lagi, þótt raunar vanta ýmsa tilskilda varahluti í vél, sem ekki væri unnt að fá hér á landi. Búnaði skipsins reyndist áfátt. Áður er þess getið, að engin lögboðin skipsskjöl voru um borð. Fokkusegl þurfti að endurbæta og önnur segl voru ekki fyrir hendi. Línubysa og skotlínur voru í ólagi og virtust hafa legið í raka eða bleytu. Þá vantaði línur við bjarghringana og ljósbaujur á annan þeirra. Aðeins einn gúmmíbjörgunarbatúr, átta manna, var um borð. Útgerðin hófst þegar handa til þess að bæta úr því, sem áfátt var. Skipsskjöl voru send frá Hornafirði til Vestmannaeyja. Segl voru lagfærð svo og útbúnaður við bjarghringi og nýr björgunarbatúr pantaður, sömu stærðar og sá, sem fyrir var. Línubysa reyndist hins vegar ekki fánleg og ekkert, sem til hennar heyrði. Að nokkrum dögum liðnum töldu skipaefirlitsmenn, að bætt hefði verið úr því, sem áfátt var, svo að viðunandi gat talizt, og mæltu með haffærisskírteini. Hinn 20. febrúar var svo útgefið í Vestmannaeyjum haffæriskírteini handa bátnum.

Eins og áður er getið, hefur ákærði Kristján skipstjóraréttindi. Var skipstjóraskírteini honum til handa útgefið á Eskifirði 24. maí 1949 og veitti honum rétt til að fara með skipstjórn á íslenzku fiskiskipi af hvaða stærð sem væri, bæði í utan- og innanlandssiglingum. Hann kvaðst einnig hafa verið á mótornámskeiði í Vestmannaeyjum haustið 1941 og lokið þar hinu minna mótórvélstjóraprófi Fiskifélags Íslands. Verður gengið út frá, að þetta sé rétt. Á árinu 1942 kvaðst hann hafa fengið vélstjóraskírteini og þá væntanlega 50 ha. vélstjóraskírteini eða 150 ha. undirvélstjóraskírteini. Skírteininu kvaðst hann hafa glatað og hefur ekki tekizt að upplýsa nánar, hvenær hann kann að hafa fengið skírteini þetta. Ákærði Björn fékk stýrimannskírteini á Eskifirði 3. október 1960 samkvæmt lögum nr. 30/1957, er veitti honum rétt til að vera stýrimaður í innanlandssiglingum á fiskiskipi allt að 120 rúmlestum. Skipstjóraskírteini hafði hann ekki fengið, en taldi sig þó hafa nægan siglingatíma. Að ákærða Kristjáni undanskildum hafði enginn skipverja á Sævaldi nokkur vélstjóraréttindi. Starfi fyrsta vélstjóra á bátnum gegndi um skeið maður úr Hafnarfirði, en án réttinda. Hann gekk úr skipsrúmi, er báturinn hafði verið tekinn í annað sinn. Annar vélstjóri var Baldur Sigurlásson úr Vestmannaeyjum. Hann var einnig án réttinda. Hvorugur þessara manna

hafði fengið undanþágur frá ráðuneytinu til þess að gegna vélstjórn á bátnum. Að sögn ákærða Kristjáns var Baldur Sigur- lás-son vélstjóri bátsins í veiðiferðinni, sem rætt er um hér að framan undir II.

Hinn 20. febrúar veitti samgöngumálaráðuneytið tveimur skip- verjum á bátnum tímabundnar undanþágur til þess að gegna störfum I. og II. vélstjóra. Annar þeirra var Baldur Sigur- lás-son og mátti hann vera annar vélstjóri. Daginn eftir, þann 21. febrúar, var lögskráð á bátinn. Lágu þá fyrir ráðuneytisundan- þágur handa vélstjórunum, gilt haffærisskírteini, tryggingu sjó- manna komið í lag, og önnur skilyrði fyrir lögskráningu upp- fyllt. Ákærði Kristján var skipstjóri, en ákærði Björn stýrimað- ur, eins og áður segir.

M.b. Sævaldur er að stærð 53 rúmlestir brúttó og er skrá- settur sem fiskiskip. Óheimilt er að leggja honum úr höfn eða gera hann út á veiðar, án þess að gæta fyrirmæla laga um lögskráningu sjómanna. Framanritað ber með sér, að þeim fyrir- mælum var ekki fylgt. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 63/1961 ber skipstjóra að sjá um, að skipverjar séu lögskráðir, en eins og áður getur, var ákærði Kristján skipstjóri bátsins. Hann hefur því gerzt brotlegur við 2. gr. 1. og 2. tölulið 4. gr. 6. gr. sbr. 15. gr. laga nr. 63/1961 og unnið til refsingar samkvæmt 25. gr. þeirra laga.

Upplýst er, að m.b. Sævaldur lét úr höfn og var látinn ganga á veiðar án löglegrar áhafnar og án þess að hafa fengið gilt haffærisskírteini, án skoðunar, án fyrirskipaðra skipsskjala og með innsiglaða talstöð. Öll þau lagaákvæði, sem tilgreind eru í ákæruskjali, varðandi þennan lið ákærunnar, III. lið, hafa þar af leiðandi verið brotin. Báðir hinir ákærðu bera ábyrgð á þessum brotum og hafa unnið til refsingar samkvæmt tilvitn- uðum lagaákvæðum.

Samkvæmt 46. gr. laga nr. 50/1959 fer siglingadómur með refs- máli út af brotum á þeim lögum. Þriðji liður ákæruskjalsins ræðir að mestu leyti um slík brot. Með tilvísun til 6. gr. laga nr. 82/1961 virðist þó fá staðizt, að dómur gangi hér einnig um þessi brot, enda hefur krafa um frávísun ekki verið sett fram af hálfu hinna ákærðu.

III.

Eins og þegar er fram tekið, hefur ákærði Kristján Gústaf- son unnið til refsingar fyrir það brot, sem rætt er um hér að

framan undir I. Með tilliti til stærðar m.b. Sævaldar, SU 2, og núverandi gullgengis íslenzkrar krónu (100 gullkrónur = 1951.06 seðlakrónur) og samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30.000 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, sem greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti ákærði varðhaldi í 8 vikur.

Svo þykir og bera að gera upptækan afla og veiðarfæri, þar með talda dragstrengi um borð í m.b. Sævaldi, SU 2, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Fyrir brot þau, sem rætt er um undir II, hér að framan, og í II. og III. lið ákæru, þykir refsing ákærða Kristjáns Gústafssonar samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Fyrir brot þau, sem rætt er um í III. lið ákæru, og samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum þykir refsing ákærða Björns Gústafssonar hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga.

Ekki þykir heimilt að svipta hina ákærðu réttindum samkvæmt 2. mgr. 68. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961. En samkvæmt 60 gr. laga nr. 50/1959 þykir bera að svipta ákærða Kristján Gústafsson skipstjóra-, stýrimanns- og vélstjóraréttindum í 6 mánuði, en ákærða Björn Gústafsson stýrimannsréttindum í 3 mánuði.

Ákærðu greiði in solidum málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðjóns Steingrímssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 8.000.00. Allan annan kostnað sakarinnar greiði ákærði Kristján að $\frac{2}{3}$ hlutum, en ákærði Björn að $\frac{1}{3}$ hluta.

Dómsuppsaga hefur dregizt vegna anna dómsformanns.

Dómsorð:

Ákærði Kristján Gústafsson greiði kr. 30.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 vikur.

Ákærði Kristján sæti einnig varðhaldi í 30 daga, en ákærði Björn Gústafsson sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði Kristján er sviptur skipstjóra-, stýrimanns- og vélstjóraréttindum í 6 mánuði, en ákærði Björn Gústafsson stýrimannsréttindum í 3 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í m.b. Sævaldi, SU 2, eru ger upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærðu greiði in solidum kr. 8000.00 í málsvarnararlaun

til skipaðs verjanda síns, Guðjóns Steingrímssonar hrl. Allan annan kostnað sakarinnar greiði ákærði Kristján að $\frac{2}{3}$ hlutum, en ákærði Björn að $\frac{1}{3}$ hluta.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 28. október 1963.

Nr. 25/1963. **Eiríkur Gíslason** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
 gegn
Júpiter h/f (Guðmundur Ásmundsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
 hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason og
 Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og
 Theodór B. Líndal.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. marz 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. febrúar s. á. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 188.967.95 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. janúar 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Loks krefst hann þess, að honum verði dæmdur sjóveðréttur í b/v Úranusi, RE 343, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 6. marz 1963. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst hann, að dæmdar fjárhæðir í héraði verði lækkaðar og að aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur hefur hinn 9. október 1963 gert nýja áætlun um atvinnutjón aðaláfrýj-